

## ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

118. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 27. febrúar 2013 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa fjallskiladeilda í Húnaþingi vestra um notkun vélknúinna ökutækja við fjallskil.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Fulltrúar fjallskilastjórna innan sveitarfélagsins eru mættir til fundar við landbúnaðarráð þar sem farið var yfir notkun vélknúinna ökutækja við fjallskil. Fulltrúar fjallskiladeildanna greindu frá fyrirkomulagi á notkun ökutækja við fjallskil á hverju svæði fyrir sig og ýmsum sjónarmiðum sem snerta umfjöllunarefnið. Fulltrúar landbúnaðarráðs og fjallskilastjórna eru sammála um að notkun vélknúinna ökutækja á afréttum og sameiginlegum upprekstrarlöndum í Húnaþingi vestra sé nauðsynleg við fjallskil á tilteknum afmörkuðum svæðum. Aðilar voru einnig sammála um nauðsyn þess að takmarka notkun þeirra eins og frekast er unnt og þess verði sérstaklega gætt að notkun ökutækjanna valdi ekki skemmdum á gróðurþekju.

2. Á fundinum komu fram upplýsingar frá Matvælastofnun um að á árinu 2013 sé ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til viðhalds sauðfjárveikivarnargirðinga. Landbúnaðarráð lýsir þungum áhyggjum af þeirri stöðu mála og beinir þeirri skýlausu kröfu til viðeigandi stjórnvalda að sjá til þess að fjármunir til viðhalds girðinganna verði tryggðir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.14:40

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),  
Jóhann Ragnarsson(sign.),  
Þorsteinn Helgason(sign.).

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).